

Ár 2023, föstudaginn 8. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Ernu Birgisdóttur, Gunnari Guðmundssyni og Ástu Björk Eiríksdóttur.

**Fyrir er tekið málið nr. 16/2023:**

Knattspyrnudeild Vals  
gegn  
Knattspyrnudeild Víkings R.

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

**I.**

**Aðilar máls:**

Kærandi:

Knattspyrnudeild Vals

Fyrirsvarsmaður: Edvard Börkur Edvardsson

Kærði:

Knattspyrnudeild Víkings R.

Fyrirsvarsmaður: Heimir Gunnlaugsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 25. ágúst 2023.

**II.**

**Kröfur:**

Kærandi gerir eftirfarandi kröfur:

*Aðallega* að kæranda verði dæmdur 3-0 sigur í leik hans við kærða sem fram fór í Bestu deild meistaraflokks karla á Origovellinum að Hlíðarenda í Reykjavík að kvöldi 20. ágúst 2023 og kærða gerð sekt.

*Til vara* að leikurinn verði ógiltur og kæranda og kærða gert að endurtaka hann og kærða gert að greiða sekt.

*Til þrautavara* að kærða verði gert að greiða 300.000 kr. sekt.

Af hálfu kærða eru gerðar eftirfarandi kröfur:

*Aðallega* að kærðu kæranda verði vísað frá.

*Til vara* að aga- og úrskurðarnefnd staðfesti að háttsemi þjálfara mfl. karla hafi ekki falið í sér brot gegn ákvæði greinar 12.7. í reglugerð um aga- og úrskurðarmál.

**III.**

**Málsatvik:**

Kærandi lýsir málavöxtum á eftirfarandi hátt:

„Í fyrsta lagi liggur fyrir hjá úrskurðarnefnd aga- og kærumála, að Arnar Gunnlaugsson hjálafari kærða hafi á grundvelli reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál hlotið tveggja leikja bann þann 15. ágúst sl., vegna rauðs spjalds, sem hann hafði fengið í leik kærða við FH í Kaplakrika. Leikbannið byggði á grein 12.6., sbr. og grein 12.1.2. staflíð a í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, enda um aðra brottvísun Arnars Gunnlaugssonar að ræða á yfirstandandi keppnistímabili í meistaraflokki í Bestu deild karla.

Í öðru lagi liggur fyrir að Arnar Gunnlaugsson tók fyrri bannleikinn út þegar þegar kærði mætti HK sunnudaginn 13. ágúst sl.

Í þriðja lagi liggur fyrir að Arnar Gunnlaugsson átti að taka seinni bannleikinn út í leik kæranda gegn kærða, sem fram fór á Origovellinum að Hlíðarenda að kvöldi sunnudagsins 20. ágúst sl. Kærandi tapaði leiknum 0-4.

Í fjórða lagi liggur fyrir að Arnar Gunnlaugsson mætti á leikstað og kom sér fyrir í áhorfendastúkunni á Origovellinum, þar sem hann hafði sérstaklega góða vallarsýn.

Í fimmta lagi liggur fyrir að leikurinn var sýndur beint af einni af sportrásum Stöðvar 2, og var myndavélum reglulega beint að Arnari Gunnlaugssyni. Birst þá öðru hvoru í mynd með Arnari Gunnlaugssyni framkvæmdastjóra kærða, Haraldur Haraldsson.

Í sjötta lagi liggur fyrir að þegar kvikmyndavélum var beint að Arnari Gunnlaugssyni mátti sjá að hann var jafnan að tala í farsíma. Ætla má að símtal eða símtöl þessi hafi ekki farið fram hjá framkvæmdastjóranum.

Í sjöunda lagi liggur fyrir að eftir að dómari hafði flautað til leiksloka mætti Arnar Gunnlaugsson í viðtali hjá Stefán Árna Pálsson íþróttafréttamanni Stöðvar 2 sport og Þorkeli Mána Péturssyni, sem titlaður er í fréttum af leiknum sérfræðingur Stöðvar 2 sport.

Í áttunda lagi liggur fyrir að í viðtalinu við Stöð 2 sport að kvöldi 20. ágúst, sem jafnframt var birt með frétt Arons Guðmundssonar á Vísi.is kl. 12:31 þann 21. ágúst 2023, sbr. slóð, <https://www.visir/g/2023245280>, spurði Stefán Árni Arnar Gunnlaugsson að því við hvern hann hafi verið að tala í síma allan leikinn. Arnar Gunnlaugsson sagðist þá hafa verið að tala við mömmu sína og uppskar hlátrarsköll frá Stefáni Árna, sem sagði „það var bara mamma“.

Í níunda lagi liggur fyrir að Arnar Gunnlaugsson breytti frásögn sinni í kjölfar viðbragða Stefáns Árna og svaraði spurningunni á eftirfarandi hátt:

Nei ég var bara í stöðugu samskiptum við þarna bekkinn það er svo fínt útsýni þarna úr stúkunni og þarna það er hægt micro managera vel þarna úr stúkunni og ég er að þæla í að gera þetta að vana. „Stefán Árna „Já, sérð mikla yfirsýn sérð leikinn vel. Arnar Gunnlaugsson „Já ég geri það við erum vanalega vanalega þegar ég er á hliðarlínunni þá erum við með tvo greinendur í stúkunni og við erum fljótir að bregðast við ef við sjáum eitthvað í svona leik sem mörg díteils skipta máli þá mikilvægt að hafa mörg augu.

*Eins og framangreind óumdeild málavaxtalýsing ber með sér var Arnar Gunnlaugsson þjálfari kærða í sambandi við lið sitt og stýrði leik þess í smáatriðum úr áhorfendastúku Origovallar þrátt fyrir að vera í leikbanni.”*

#### IV. Málsástæður kæranda

*Kærandi byggir kærú sína og kröfur fyrir aga- og úrskurðarnefnd á eftirfarandi málsástæðum og lagarökum.*

*Kærandi byggir á því að Arnar Gunnlaugsson þjálfari kærða hafi vegna agabrota verið beittur viðurlögum samkvæmt 12. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.*

*Viðurlögin hafi verið tveggja leikja bann, þar sem um aðra brottvísun á yfirstandi keppnistímabili í Bestu deilda meistaraflokks karla hafi verið að ræða.*

*Leikbann þjálfara, sem byggir á 12. gr., hefur það í för með sér að þjálfari skal, mæti hann á leikstað, vera meðal áhorfenda frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómari hefur flautað til leiksloka. Á þessu tímabili má þjálfari ekki vera á leikvöllinum, boðvangi, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt, sbr. grein 12.7. í nefndri reglugerð.*

*Samsvarandi ákvæði, en þó útarlegra, er að finna í IV. þætti „Special Procedures“ 66. gr. í FIFA Disciplinary Code 2023 – Agareglum FIFA-, sem KSÍ og aðildarfélag þess eru bundin af, og eru reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál til fyllingar, sbr. grein 23.2 hennar.*

*Í 66. gr. FIFA Disciplinary Code 2023 segir:*

*An official who has been sent off or is serving a match suspension:*

- a) may be allowed to sit in the stands, but not in the immediate vicinity of the field of play, provided their security and integrity are safeguarded;*
- b) shall not enter the dressing room, tunnel or technical area, or communicate with or contact any person involved in the match – in particular, players or technical staff – by any means whatsoever prior to or during the match;*
- c) is not entitled to attend the post-match press conference or any other media activity held in the stadium.*

*Samkvæmt knattspyrnulögum 2023-2024, sem tóku gildi hér á landi 22. mars 2023, er notkun forráðamanna á hvers konar rafrænum samskiptabúnaði óheimil meðan á leik stendur, sbr. 4. gr. laganna, sem ber heitið búnaður leikmanna. Með forráðamönnum er samkvæmt orðalista knattspyrnunnar átt við „Aðra sem skráðir eru á leikskýrslu en þeir sem teljast leikmenn, t.d. þjálfari, sjúkrapþjálfari læknir (tæknilið)“. Tæknilið er samkvæmt sömu heimild annað heiti á forráðamönnum á ensku „Technical Staff“ á íslensku liðstjórn.*

*Kærandi byggir á því að með þeirri háttsemi, sem Arnar Gunnlaugsson lýsti í viðtali við Stöð 2 sport í kjölfar leiks kærða við kæranda hafi hann og forráðamenn kærða með saknæmum og ólögnum hætti brotið gegn grein 12.7*

um leikbann, 4. gr. knattspyrnulaga um notkun rafeindabúnaðar og 66. gr. FIFA Disciplinary Code 2023.

Kærandi byggir á því að Arnar Gunnlaugsson hafi í raun stýrt liði kærða í leiknum gegn kæranda með því að koma sér þannig fyrir á áhorfendasvæði Origovallar að hann hafi haft góða vallarsýn og getað þaðan fylgst nákvæmlega með framgangi leiksins. Sú staðsetning sem Arnar Gunnlaugsson valdi sér gerði honum mögulegt að gefa fyrirmæli til forráðamanna kærða á boðvangi með símtölum, smáskilaboðum eða öðrum rafrænum hætti um hvernig bregðast skyldi við einstökum atviki, sem komu upp í leiknum, breyta leikskipulagi og skipan liðs kærða, sbr. þá yfirlýsingu hans að það hafi verið hægt að „micro manager vel þarna úr stúkunni.“ Þá hafi viðtal Arnars Gunnlaugssonar við Stöð 2 sport beint í kjölfar leiksins á leikvangi að Hlíðarenda verið honum óheimilt og brot á leikbanni samkvæmt skýru ákvæði í 66. gr. Disciplinary Code 2023.

Kærandi byggir á því að með háttsemi sinni hafi Arnar Gunnlaugsson og forráðamanna kærða, sem vissu af leikbanni hjálfarans, virt að vettugi þá skyldu, sem 4. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót leggur þeim á herðar, og fellst í því að sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt getur álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda.

Háttsemi Arnars Gunnlaugssonar og forráðmanna kærða við framkvæmd leik kærða við kæranda var ekki í samræmi við 4. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, og fól jafnframt í sér brot á þeirri skyldu að leika knattspyrnu í samræmi við knattspyrnulög og í samræmi við lög og reglur FIFA/UEFA, sbr. grein 6.1 í lögum Knattspyrnusambands Íslands og II. kafla FIFA Disciplinary Code 2023, sem ber yfirskriftina „OFFENCES“. En þar segir í 13. gr., sem ber heitið „Offensive behaviour and violations of the principles of fair play“, undir staðlið 1.

Associations and clubs, as well as their players, officials and any other member and/or person carrying out a function on their behalf, must respect the Laws of the game, as well as the FIFA Statutes and FIFA's regulations, directives, guidelines, circulars, and decisions, and comply with the principles of fair play, loyalty and integrity.

Kærandi byggir á því að hjálfari og forráðmenn kærða á boðvangi hafi í raun viðhaft svindl við framkvæmd leiksins, sem kærði eigi ekki að hagnast á, frekar en nokkur annar sem svindlar í íþróttum.

Kærandi byggir á því að aga- og úrskurðarnefnd beri vegna hinna alvarlegu brota hjálfara kærða og forráðamanna hans að dæma kæranda sigur í leiknum með markatölunni 3-0, eins og heimild nefndarinnar stendur til samkvæmt staflíð a í grein 11.1 í IV. kafla reglugerðar um aga- og úrskurðarmál, og gera kærða jafnframt sekt, sbr. heimild í staflíð d í grein 11.2.

Kærandi byggir á því að grein 36.1 í V. kafla reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót tæmi ekki sök varandi þau viðurlög sem hægt sé að beita vegna brota hjálfara á leikbanni, og bindi því ekki aga- og úrskurðarnefnd KSÍ við úrlausn kærumáls

Þessa. Aga- og úrskurðarnefndin geti því dæmt kæranda sigur í leiknum gegn kærða sunnudaginn 20. ágúst 2023.

Kærandi byggir á því að aga- og úrskurðarnefndin hafi vald samkvæmt sérreglum, sem um starfsemi hennar gilda, sem fyrsta dómstigs innan Knattspyrnusambands Íslands, til að beita hverjum þeim viðurlögum sem talin eru upp í 11. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarnefnd, þegar uppkoma kærumál milli aðila sem eiga aðild að Knattspyrnusambandi Íslands, eins og reyndi er um kæranda og kærða.

Kærandi byggir á því að háttsemi þjálfara og forráðmanna kærða hafi ekki aðeins falið í sér brot á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót heldur einnig brot gegn lögum Knattspyrnusambands Íslands, og þegar svo sé megi dæma leik tapaðan, sbr. staflíð h í grein 44.1 og fésekt, sbr. staflíð k í sama ákvæði.

Kærandi byggir loks á því að ekki verði ráðið af reglum FIFA að heimilt sé að beita mismunandi viðurlögum við broti á leikbanni eftir því hvort í hlut á leikmaður eða þjálfari knattspyrnuliðs, eins og mælt er fyrir um í grein 36.1 í reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Kærandi bendir á, að þó að stjórn Knattspyrnusambands Íslands hafi gert breytingu á grein 40.1 reglugerðar um knattspyrnumót um ólöglega skipuð lið á fundi sínum 16. desember 2008, sem nú kemur fram í grein 36.1 sé ljóst að sú breyting samrýmist ekki FIFA Disciplinary Code 2023 og sé af þeim sökum ógild og óbindandi fyrir aga- og úrskurðarnefndar varðandi ákvörðun viðurlaga í máli þessu.

Sömu málsástæður og lagarök og hafa verið títunduð hér að frama varðandi aðalkröfuna gilda um varakröfu kæranda, sbr. og grein 17.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sem mælir fyrir um að kappleikur sé því aðeins gildur, að farið sé eftir lögum og reglugerðum KSÍ. Sú var ekki reyndi af hálfu kærða í leik við kæranda sunnudaginn 20. ágúst sl.

Kærandi ítrekar að þjálfari kærða og forráðamenn á boðvangi brutu gegn lögum Knattspyrnusambands Íslands, knattspyrnulögum 2023-2024 og FIFA Disciplinary Code 2023 með svindli við framkvæmd leiksins. Aga- og úrskurðarnefnd ber því með vísan til staflíð a í grein 11.1 í IV. kafla reglugerðar um aga- og úrskurðarmál að ógilda leiki kæranda og kærða 20. ágúst sl. og kveða á um að hann skuli spilaður á ný, og gera kærða jafnframt sekt sbr. heimild í staflíð d í grein 11.2.

Telji aga- og úrskurðarnefndi brot þjálfara og forráðamanna kærða hins vegar svo léttvæg að hvorki aðal- né varakrafa verði ekki tekin til greina, er á því byggt að nefndinni beri að gera kærða 300.000 kr. sekt samkvæmt 36. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

V.  
**Málsástæður kærða**

Í 2. másl. greinar 1.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er fjallað um gildissvið reglugerðarinnar og þar tekið fram að hún gildi um öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda KSÍ nema málin séu sérstaklega falin öðrum aðilum með lögum eða reglugerðum sambandsins. Í grein 2.1 segir að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hafi lögsögu yfir þeim málefnum sem komi upp innan sambandsins og skuli byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum KSÍ. Þá segir í grein 3.1 að nefndin geti beitt viðurlögum samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ. Það er því ljóst að aga- og úrskurðarnefnd ber að byggja niðurstöður sínar á lögum og reglum KSÍ en samkvæmt grein 23.2 geta agareglur FIFA verið til fyllingar, eftir því sem við á. Reglur sem eru öðrum til fyllingar geta ekki tekið yfir og ráðið túlkun í andstöðu við gildandi reglur, en geta verið til skýringar ef ákvæðum sleppir eða ef ákvæði eru svo óljós að ekki sé hægt að skilja markmið þeirra nema með skýringu og fyllingu slíkra reglna.

Í grein 12.7 reglugerðarinnar segir: „Þjálfari eða forystumaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómari hefur flautað til leiksloka. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvöllinum, boðvangi, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt.“

Í grein 36.1 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót segir m.a.: „Félag sem notar þjálfara [...] sem er í leikbanni skal sæta sektum og viðkomandi frekara leikbanni í samræmi við ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar.“ [...] Félag sem notar [...] þjálfara [...] í leikbanni skal sæta sektum allt að kr. 300.000 sé brotið framið í meistaraflokki“.

Í 66. gr. agareglna FIFA segir að þjálfari sem sé í leikbanni megi vera á meðal áhorfenda en megi ekki vera í beinum samskiptum við neinn sem tekur þátt í leiknum fyrir leik eða á meðan leik stendur, en þar eru leikmenn og starfslið sérstaklega nefnt. Þá kemur einnig fram í greininni að þjálfari megi ekki taka þátt í fjölmiðlaviðtölum eftir leikinn. Það liggur því fyrir að 66. grein agareglna FIFA gengur talsvert lengra en framagreind ákvæði reglugerða KSÍ.

Eins og fram hefur komið telur Knattspyrnudeildar Víkings að háttsemi þjálfara mfl. karla hafi ekki falið í sér brot á grein 12.7. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál eða grein 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Að mati Knattspyrnudeildar Víkings verður að túlka inntak greinar 12.7 með þeim hætti að þjálfara sé óheimilt að hafa bein áhrif á lið sitt, eins og hann gerir alla jafna á hliðarlínu leiksins. Þannig megi þjálfari sem er í leikbanni t.d. ekki vera staðsettur neðarlega í áhorfendastúku og kalla bein fyrirmæli til sinna leikmanna. Að sama skapi megi þjálfari augljóslega ekki mæta í búningsherbergi fyrir leik eða í hálfleik og gefa liðsmönnum sínum bein fyrirmæli. Ákvæðið kemur hins vegar ekki í veg fyrir að þjálfari sé í einhvers konar tengslum við samstarfsfólk sitt í þjálfarateymi liðsins. Knattspyrnudeild Vals virðist byggja málflutning sinn á því að agareglur FIFA, sem eru ósamhljóða reglum KSÍ, eigi að gilda umfram hinar sérstöku reglur KSÍ. Þessu hafnar Knattspyrnudeild Víkings, því þó agareglur FIFA gangi lengra og banni sérstaklega öll samskipti við leikmenn og

starfslið á umræddu tímabili þá er ekki hægt að beita þeim reglum í þessu máli sem er til úrlausnar hér. Agareglur FIFA geta vissulega verið til fyllingar við reglur KSÍ þegar þeim sleppir, en þar sem reglugerð KSÍ nær yfir háttsemina gildir reglugerðin ein og sér. Þetta er grundvallaratriði við túlkun lagaákvæða. Í þessu sambandi er jafnframt rétt að benda á það sem framan greinir og kemur fram í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál að nefndinni er beinlínis falið að fjalla um mál og úrskurða eftir lögum og reglum KSÍ, sbr. 2. gr. reglugerðarinnar um lögsögu og hlutverk nefndarinnar. Ef agareglur FIFA myndu gilda umfram sérstakar reglur KSÍ um einstök málefni þá væru reglur KSÍ einfaldlega óþarfar. Þær væru þá ekki til fyllingar, heldur æðri reglum KSÍ (*lex superior*). Málalíbúnaði Knattspyrnudeildar Vals hvað þetta varðar er því hafnað.

Knattspyrnudeild Víkings telur því ljóst að samskipti þjálfara mfl. karla hafi ekki falið í sér brot gegn reglum KSÍ, enda hafi hann ekki haft bein samskipti eða verið í tengslum við leikmenn sína á meðan leik stóð eða klukkustund fyrir leik, sbr. samhljóða niðurstaða nefndarinnar í máli nr. 15/2023.

### **Að þjálfara Víkings hafi verið óheimilt að fara í viðtal eftir leik**

Í kærú sinni heldur Knattspyrnudeild Vals því fram að þjálfari mfl. karla hafi brotið gegn reglum með því að fara í fjölmiðlaviðtal að loknum leik Vals og Víkings. Eins og fram hefur komið og fjallað hefur verið um felur grein 12.7 reglugerðar um aga- og úrskurðarmál í sér að leikbanni þjálfara sé lokið þegar dómari leiksins flautar til leiksloka. Þannig segir einfaldlega í ákvæðinu að þjálfara sé óheimilt að vera á leikvelli, í boðvangi og í búningsherbergjum þar til flautað hefur verið til leiksloka. Hvergi má finna bann við því að þjálfari taki þátt í fjölmiðlaviðtali eftir leik, en eðli málsins samkvæmt væri honum óheimilt að gera það fyrir leik eða í hálfleik. Þannig er alveg skýrt að líftími leikbannsins miðast við lokaflaut dómara. Með gagnályktun frá umræddu ákvæði má þjálfari þannig vera á leikvelli, í boðvangi og í búningsherbergi strax og flautað hefur verið til leiksloka. Stefán Árni Pálsson sem tók umrætt fjölmiðlaviðtal hefur upplýst að þjálfari mfl. karla hafi sérstaklega passað sig á því að fara ekki inn á leikvöll til þess að komast að viðtalsrýminu fyrr en eftir leik og þegar dómarrar höfðu yfirgefið völinn. Jafnframt er rétt að benda á að þjálfurum í meistaraflokki ber að mæta í viðtöl hjá réttthafa sjónvarpsútsendinga að leik loknum og var þjálfari mfl. karla einfaldlega að uppfylla þá skyldu sína umrætt sinn. Með vísan til þess hafnar Knattspyrnudeild Víkings því alfarið að þátttaka í umræddu fjölmiðlaviðtali hafi falið í sér brot á grein 12.7 eða öðrum reglum KSÍ.

### **Um notkun rafræns samskiptabúnaðar**

Í kærú Knattspyrnudeildar Vals er því haldið fram að knattspyrnulögin banni notkun forráðamanna á hvers konar rafrænum samskiptabúnaði á meðan leik stendur. Knattspyrnudeild Víkings telur umrædda grein einfaldlega ekki eiga við um það álitamál sem er hér uppi, en bendir þó á að í kærú Knattspyrnudeildar Vals er sérstaklega vísað til 4. gr. knattspyrnulaganna en þar segir: „Notkun forráðamanna á hvers konar rafrænum samskiptabúnaði er óheimil, **nema** þar sem málið snýst um velferð eða öryggi leikmanna, eða af taktískum/þjálfunar ástæðum, en þá einungis með litlum lófátölvum eða öðrum þráðlausum búnaði (t.d. míkrofón, heyrnartólum, tæki í eyra, "smart" síma, "smart"úri, spjaldtölvu eða fartölvu). [leturbr. undirr.]

*Ofangreint ákvæði heimilar þjálfara þannig að nota snjallsíma sinn ("smart" síma) vegna starfs síns af taktískum/þjálfunar ástæðum enda alþekkt að þjálfarar og leikgreinendur notfæri sér nútímatækni við störf sín fyrir leik og á meðan leik stendur.*

## VI.

### Niðurstaða:

Ágreiningsefni þessa máls snýst um það hvort þjálfari kærða í mfl. karla hafi gerst brotlegur gagnvart tilgreindum ákvæðum laga og reglugerða KSÍ og/eða FIFA á meðan leikur Vals og Víkings R. stóð yfir í Bestu deild karla þann 20. ágúst sl. Í greinargerð kæranda er vísað til þess að þjálfari kærða hafi með framferði sínu gerst brotlegur við ákvæði reglugerða KSÍ og FIFA.

Eins og fram kom í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 15/2023 taldi aga- og úrskurðarnefnd að það væri óumdeilt að þjálfari mfl. karla hjá kærða hafi komið skilaboðum og skipunum í gegnum farsíma áfram til starfsfólks og þjálfara Víkings R. í boðvangi er hann var á meðal áhorfenda í leik Vals og Víkings R. í Bestu deild karla á sama tíma og hann tók út leikbann í leiknum í samræmi við úrskurð nefndarinnar frá 15. ágúst sl.

Fallist er á það sem fram kemur hjá kæranda að aðildarfélag innan KSÍ séu skuldbundin til að leika knattspyrnu í samræmi við knattspyrnulögin og í samræmi við lög og reglur FIFA/UEFA. Í því sambandi er sérstaklega vísað til 23. greinar reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál þar sem fram kemur að agareglur FIFA (FIFA Disciplinary Code) séu ákvæðum reglugerðarinnar til fyllingar, eftir því sem við á. Þegar litið er til gildissviðs agareglna FIFA, sbr. 2. grein gilda reglurnar um alla leiki og keppnir sem skipulagðar eru af FIFA og knattspyrnuleiki sem heyra ekki sérstaklega undir lögsögu álfusambanda og/eða knattspyrnusambanda, nema annað sé tekið fram. Íslandsmót í Bestu deild karla heyrir undir lögsögu knattspyrnusambands Íslands. Hér á landi er það því einungis á valdssviði KSÍ að setja íslenskri knattspyrnu lög og reglur í samræmi við 2. grein laga sambandsins.

Á grundvelli sérreglu í 23. grein reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál getur aga- og úrskurðarnefnd, og eftir atvikum áfrýjunardómstóll, horft til ákvæða agareglna FIFA þegar ákvæðum reglugerðar um aga- og úrskurðarmál sleppir. Það er álit nefndarinnar að þegar ákvæði agareglna FIFA ganga lengra eða eru á skjön við efnisreglur KSÍ reglugerðar um aga- og úrskurðarmál, bindi slíkar reglur ekki hendur nefndarinnar að þessu leyti.

Telja verður að ákvæði 12.7. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál sé ætlað að taka á því með tæmandi hætti hvar þjálfari sem mætir á leikstað megi vera staðsettur á meðan hann tekur út leikbann. Af því má ráða að þjálfari, sem tekur út leikbann, sé heimilt að mæta á leikstað og vera á meðal áhorfenda, en sé óheimilt að vera staðsettur nærri leikmönnum og starfsliði eða þar sem hann geti verið í beinum tengslum við lið sitt. Þetta á við frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómari hefur flautað til leikloka. Að mati aga- og úrskurðarnefndar geti rafræn samskipti líkt og þau sem vitnað er til í greinargerð framkvæmdastjóra ekki ótvírætt falið í sér brot gegn grein 12.7., sbr. úrskurði nefndarinnar í máli nr.



15/2023. Verður af fyrrgreindum ástæðum ekki horft til ákvæða 66. greinar agareglna FIFA enda gangi tilvitnað ákvæði lengra en grein 12.7. reglugerðar KSÍ.

Í samræmi við úrskurð nefndarinnar í máli nr. 15/2023 lítur nefndin ekki svo á að þjálfari Víkings R. hafi með framferði sínu gerst brotlegur við ákvæði reglugerða KSÍ þar sem tilvitnuð framkoma feli ekki ótvírætt í sér brot gegn ákvæði greinar 12.7. í reglugerðum um aga- og úrskurðarmál. Af sömu ástæðum felur tilvitnuð framkoma Arnars Bergmanns Gunnlaugsson ekki í sér brot gegn grein 36.1. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

## VII.

### Úrskurðarorð:

Úrslit í leik Vals og Víkings R. í Bestu deild karla, sem fram fór þann 20. ágúst 2023, skulu standa óhögguð. Knattspyrnudeild Víkings R. verður ekki gert að sæta viðurlögum samkvæmt grein 36.1. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, sbr. úrskurð aga- og úrskurðarnefndar í máli nr. 15/2023.

### Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Erna Birgisdóttir [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]

Ásta Björk Eiríksdóttir [sign]